



UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
Engjavegur 6, 104 Reykjavík
568 2929, umfi@umfi.is

TILNEFNING TIL HEIÐURSVIÐURKENNINGAR UMFÍ

UMFÍ leggur áherslu á verðmæti sjálfbóðaliðastarfsins enda hefur það verið grundvöllur starfseminnar alla tíð og mikilvægasti þátturinn í starfi ungmennafélagshreyfingarinnar. UMFÍ telur mikilvægt að halda á lofti jákvæðum áhrifum sjálfbóðaliðastarfs fyrir einstaklinga og samfélagið í heild. Það að láta gott af sér leiða skapar um leið félagsleg tengsl fyrir einstaklinga.

TILNEFNING:

Nafn:

Kennitala:

Netfang:

Símanúmer:

EFTIRFARANDI HEIÐURSVIÐURKENNINGU:

Starfsmerki

Gullmerki

Heiðursfélagi

HALDGÓÐUR RÖKSTUÐNINGUR MEÐ TILNEFNINGU:

ER ÓSKAÐ EFTIR AÐ TILNEFNINGIN SÉ VEITT VIÐ ÁKVEÐIÐ TILFNI?

UNDIRRITUN:

Nafn:

Símanúmer:

Sambandsaðili:

Netfang:

Dagsetning:

LEIÐBEININGAR TIL TILNEFNINGAR

1. Fylla skal skjalið út vandlega í tölvu, ganga úr skugga um að öllu sé svarað og hakað í viðeigandi heiðursviðurkenningu.
2. Skjalinu er halað niður
3. Skjalið er sent útfyllt á netfang UMFÍ: **umfi@umfi.is**

TIL VIÐMIÐUNAR

Starfsmerki UMFÍ

Starfsmerki UMFÍ má veita fyrir frábært forystustarf í félagi, deild félags eða á vettvangi sambands, fyrir eftirtektarverð átaksverkefni eða nýjungar í starfi, góða virkni eða árangur í skipulags- og félagsstörfum, s.s. með setu í stjórnnum eða nefndum og fyrir mikið framlag til ungmenna- og íþróttastarfs.

Framkvæmdastjórn UMFÍ veitir einstaklingum starfsmerki UMFÍ.

Gullmerki UMFÍ

Gullmerki UMFÍ er næstæðsta sæmdarviðurkenning UMFÍ. Gullmerki er veitt þeim sem hafa um árabil unnið öflugt starf fyrir ungmennafélagshreyfinguna, verið í forystu í héraði eða á vettvangi UMFÍ eða í áratugi unnið ötullega að eða tekið þátt í verkefnum UMFÍ. Einnig má veita þessa viðurkenningu við sérstök tækifæri sem stjórn telur við hæfi. Gullmerki skulu að jafnaði afhent þeim sem áður hafa hlotið starfsmerki UMFÍ.

Stjórn UMFÍ veitir einstaklingum gullmerki UMFÍ.

Heiðursfélagi UMFÍ

Heiðursfélögum skal við hátíðlega athöfn afhentur heiðursfélagakross UMFÍ sem er æðsta heiðursmerki samtakanna.

Einungis skal útnefna heiðursfélaga þá sem hafa unnið áratuga heillaríkt starf fyrir UMFÍ, gegnt veigamiklu ábyrgðarhlutverki og unnið hreyfingunni ómetanlegt gagn. Heiðursviðurkenningar skulu að jafnaði afhentar þeim sem áður hafa hlotið gullmerki UMFÍ. Þessa sæmd má einnig sýna merkjum brautryðjendum hreyfingarinnar.

Heiðursfélagar hafa öll réttindi ungmennafélaga en eru sjálfráðir um skyldur. Heiðursfélögum skal boðið á öll sambandsþing UMFÍ, sambandsráðsfundi og alla helstu viðburði sem haldnir eru á vegum UMFÍ.

Stjórn og/eða sambandsþing UMFÍ geta útnefnt heiðursfélaga UMFÍ.